

## Orlofshúsin – tveir nýir valkostir í boði

Félagsmönnum Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni bjóðast fjölbreyttir valkostir í sumar hvað varðar sumarhús, íbúðir og styrki.

Í sumar verða í boði tveir nýir valkostir, annars vegar orlofshús í Kötluholti í Biskupstungum á Suðurlandi og hins vegar orlofshús í Mýrarskógum við Laugarvatn. Þá verða í boði þrjár nýjar íbúðir í Mánatúni 3 í Reykjavík sem félagið keypti nýlega í stað tveggja eldri íbúða sem voru seldar. Áfram verður í boði íbúð í Bolungarvík, tvö

hús á Illugastöðum, hús í Flókalundi í Vatnsfirði, hús á Einarstöðum á Héraði og Skógarsel í Vaglaskógi.

**Athugið! Leyfilegt er að hafa með sér gæludýr í bústaðinn Kötluholti í Biskupstungum, en gæludýr eru stranglega bönnuð í öðrum húsum félagsins. Dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp.**

Auk orlofshúsa býður félagið 60 orlofsstyrki allt að kr. 15.000 vegna gistikostnaðar á tímabilinu 1. maí til 15. september. Þá eru í boði niðurgreiddir gistimiðar á Edduhótelinu víðsvegar um

land og félagsmenn fá 25% afslátt af listaverði á 10 Fosshótelum um land allt og 10% afslátt á gistiheimili í Reykjavík. Einnig geta félagsmenn keypt veiðikort á skrifstofu félagsins og jafnframt er hægt að sækja um útilegukort.

Nánar er sagt frá þeim húsum og íbúðum sem í boði eru í sumar á bls. 4, 5 og 6 í fréttabréfinu.

### Rafrænar umsóknir

Það þarf að sækja um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort á rafrænan hátt á félagavefnum sem er á [www.fvsa.is](http://www.fvsa.is), og því fylgir ekki umsóknareyðublað með fréttabréfinu. Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu geta komið á skrifstofuna og fengið aðstoð.

Umsóknarfrestur um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort vegna sumarleigu er til 20. mars nk. Umsækjendur fá skriflegt svar um úthlutunina fyrir mánadámót mars/apríl.

**Athugið! Engin endurúthlutun verður í ár. 2. apríl er síðasti dagur til að ganga frá greiðslu varðandi orlofshús og þann 4. apríl kl. 12:00 verður opnað á netinu fyrir það sem enn verður laust og þá gildir fyrstur kemur, fyrstur fær. □**



Nýjar íbúðir félagsins í Reykjavík eru í Mánatúni 3

## Aukin samvinna og nýr starfsmaður

Fyrir stuttu var tekið í notkun nýppgert skrifstofuhúsnæði á suðurhluta þriðju hæðar Alþýðuhússins. Þegar komið er inn á skrifstofuna þá er gengið inn í rými þar sem er ný sameiginleg afgreiðsla fyrir fjögur félög sem hafa tekið höndum saman um aukna samvinnu.

Um er að ræða auk FVSA, Sjómannafélag Eyjarfjarðar, Félag málm- iðnaðarmanna Akureyri og Félag Vél- og málmteknimanna. Nýr starfsmaður þessara félaga er Eydis

Bjarnadóttir, sem valin var úr hópi 107 umsækjenda um starfið.

Við þessar breytingar lét Guðrún Guðmundsdóttir starfsmaður FVSA til fjölda ára af störfum hjá félaginu. Á aðalfundi félagsins þakkaði Úlfhildur henni fyrir störfin fyrir félagið. „Hún er yfirveguð og samvissusöm, hefur einstaklega hlýlegt og gott viðmót, sem eru ómetanlegir eiginleikar fyrir þann sem tekur á móti fólki sem er í leit að þjónustu eða aðstoð.“ Viðtal við Guðrúnu er á bls. 8. □

## Fjölskylduferð á skódanum

FVSA hefur ákveðið að bjóða líffeyrisþegum félagsins í Menningarhúsið HOF kl. 20:00 föstudaginn 6. apríl nk. Um er að ræða tónleika til heiðurs Ingimar Eydal sem bera yfirskriftina *Fjölskylduferð á skódanum*.

Nánari upplýsingar og skráning á skrifstofu félagsins í síma 455 1050. Vinsamlegast skráið ykkur sem allra fyrst því takmarkaður miðafjöldi er í boði. □

# Aðalfundur FVSA 2012



Aðalfundur Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA) var haldinn í Alþýðuhúsinu á Akureyri mánudaginn 20. febrúar sl. Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður félagsins, kynnti skýrslu stjórnar og breytingar á styrkjum úr sjúkrasjóði. Eiður Stefánsson kynnti nýjar íbúðir FVSA í Reykjavík og Hermann Brynjarsson endurskoðandi fór yfir reikninga félagsins. Í lok fundar urðu góðar umræður um verðtrygginguna og fól fundurinn stjórn félagsins að koma óánægju félagsmanna á framfæri.

Um síðustu áramót voru félagsmenn 2.039; 814 karlar og 1.225 konur. Þar af eru 310 lífeyrisþegar. Þegar Úlfhildur kynnti skýrslu stjórnar kom m.a. fram að þó starfsemi félagsins hefði verið með hefðbundnum hætti á síðasta ári þá var þetta mikið framkvæmdaár í sögu félagsins. „Fyrir utan þær miklu breytingar sem gerðar hafa verið á skrifstofuhúsnæðinu, voru þrjár orlofsíbúðir félagsins í Reykjavík seldar og fjórar nýjar íbúðir keyptar í Mánatúni. Á aðalfundinum í fyrra voru þessi áform kynnt og í mars var undirritaður kaupsamningur. Í september var fyrsta íbúðin tilbúin til útleigu, tveggja herbergja íbúð sem við leigjum sem sjúkraíbúð. Nú í byrjun febrúar fengum við svo afhentar tvær þriggja herbergja íbúðir og eina fjögurra herbergja. Íbúðirnar eru í alla staði mjög vandaðar og glæsilegar, keypt var

nýtt innbú í þær allar en úr gömlu íbúðunum var allt sem nýtilegt var flutt í Mánatúnið. Að íbúðirnar skuli vera allar í sama húsinu gerir umsjónina með þeim mun hagkvæmari, einnig er ljóst að viðhald á glænýjum íbúðum verður léttvægt næstu árin,“ sagði Úlfhildur og bætti jafnframt við að félagið hefði með þessum kaupum aukið framboðið á orlofsíbúðum í Reykjavík um þriðjung.

Úlfhildur fjallaði einnig um atvinnu-málin og sagði að þetta þriðja ár frá efnahagshruninu væri eins og hin tvö fyrri merkt atvinnuleysi, kaupmáttar-rýrnun og óöryggi á flestum sviðum. Þó hefðu örlítið færri félagsmenn verið á atvinnuleysisbótum flesta mánuði ársins miðað við 2010.

## Aukin samvinna

Í máli Úlfhildar kom fram að á síðasta aðalfundi hefði verið sagt frá fyrirhuguðu samstarfi fjögurra stéttarféлага á þriðju hæð Alþýðuhússins. „Ákveðið var að breyta suðurhluta þriðju hæðar þannig að félögin fjögur hefðu sameiginlega móttöku. Verkið var boðið út í ágúst og þegar framkvæmdir hófust fluttum við starfsemi skrifstofunnar í bráðabirgðaraðstöðu í norðurhluta þriðju hæðar. Í nýuppgerð húsnæðið fluttum við svo í lok desember og höfum verið að koma okkur þar fyrir smátt og smátt. Húsnæðið var til sýnis fyrir félagsmenn og gesti 10. febrúar sl. og var ekki annað að sjá en að gestir væru ánægðir með breyt-

inguna. Við starfsfólkið erum afar ánægð með hvernig til hefur tekist og trúum að þjónusta við félagsmenn verði enn skilvirkari en áður. Kostnaður okkar félags við húsnæðið ásamt kaupum á sameiginlegu innbúi og ýmsum tækjum mun verða um 15 milljónir.“

## Kjaramálin

„Kjarasamningagerðin í fyrra tók allt of langan tíma en nýr kjarasamningur var undirritaður 5. maí sl.“, sagði Úlfhildur og sagði að óþarfi væri að fjalla nánar um samninginn því búið væri að fara yfir gang samningamála á síðasta aðalfundi og sérstökum fundum í fyrra.

Úlfhildur fjallaði um endurskoðunarárkvæði samningsins sem voru til umfjöllunar í janúar þar sem var lagt mat á hvort ástæða væri til að segja samningnum upp vegna forsendubrests, „því ríkisstjórnin hefur ekki staðið við gefin loforð samkvæmt yfirlýsingu sem hún gaf 5. maí og er hluti kjarasamningsins. Haldnir voru tveir formannafundir ASÍ í janúar og yfirgnæfandi meirihluti á þeim fundum taldi að ekki væri ráðlegt að falla frá samningnum á þessum tíma. Þó er ljóst að aðstæður í þjóðfélaginu hafa lítið batnað undanfarið ár, enn er allt of mikið atvinnuleysi, verðbólga of mikil og skuldsett heimili afar illa stödd.“

Úlfhildur fjallaði einnig um nýlega útkomna skýrslu um starfsemi lífeyris-sjóðanna sem sýnir að þeir hafa orðið fyrir mjög miklu tapi til viðbótar því að hafa þurft að skerða réttindi verulega á undanförunum árum, þ.e.a.s almennu sjóðirnir. „Í skýrslunni kemur berlega í ljós sá hróplegi mismunur sem er á kjörum þeirra sem greiða annars vegar til okkar almennu lífeyrissjóða og hins vegar til opinberu sjóðanna. Þó allir sjóðir hafi tapað kemur það aldrei niður á opinberu sjóðunum, þeir eru gulltryggðir af ríkissjóði, almenningur borgar brúsann.“

Að lokum bauð Úlfhildur nýtt fólk

velkomið til starfa og þakkaði öllu því góða fólki sem starfaði fyrir félagið á síðasta ári. Starfsmönnum á skrifstofu en þeir hafa orðið fyrir miklu álagi á árinu, stjórn og varastjórn, fulltrúaráði félagsins, trúnaðarmönnum og skoðunarmönnum reikninga. „Þá vil ég sérstaklega þakka Guðrúnu Guðmundsdóttur starfsmanni félagsins til fjölda ára sem lét af störfum hjá félaginu í lok janúar sl. Hún hóf störf 18. júní 1993 og var lengst af í hálfu starfi. Þó Guðrún hafi ekki getað verið með okkur í kvöld vil ég nota tækifærið og þakka henni fyrir störfin fyrir félagið. Hún er yfirveguð og samvissusöm, hefur einstaklega hlýlegt og gott

viðmót, sem eru ómetanlegir eiginleikar fyrir þann sem tekur á móti fólki sem er í leit að þjónustu eða aðstoð. Guðrún gaf ekki kost á sér í fullt starf í nýju afgreiðslunni.“ Jafnframt bauð hún nýjan starfsmann velkominn til starfa í sameiginlegri afgreiðslu félagsanna á þriðju hæð, en það er Eydís Bjarnadóttir sem valin var úr hópi 107 umsækjenda um starfið.

Þá sagði hún að töluverðar manna-breytingar verði nú vegna breytinga á skipulagi félagsins. „Fyrir hönd stjórnarinnar býð ég nýtt fólk velkomið til starfa, einnig nýja félagsmenn og óska þess að við megum eiga gott samstarf á komandi starfsári.“ ▣

## Ályktun

Á aðalfundi Félags verslunar og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni var stjórn félagsins falið að skora á ráðamenn þjóðarinnar að ná pólitískri samstöðu og koma til móts við þá sem tóku verðtryggð lán, með almennum leiðréttingum. Eftir nýlegan dóm Hæstaréttar í gengis-lánamálinu er orðinn verulegur munur á stöðu þeirra sem tóku gengistryggð lán og þeirra sem tóku verðtryggð lán. Stjórn félagsins minnir á nýleg ummæli formanns efnahags- og skattanefndar þar sem hann sagði að í nýrri greinargerð frá matsfyrirtækinu Fitch væri sérstaklega fjallað um að skuldir heimilanna væru enn of miklar og þær yrðu að lækka. Krafan um leiðréttingu verðtryggðra lána hefur því aldrei verið háværari og réttmætari en einmitt nú. ▣

# Stjórn og trúnaðarráð

Aðeins einn listi barst við kjör í stjórn félagsins og trúnaðarráð. Einnig barst aðeins einn listi varðandi kjör í stjórn sjúkrasjóðs félagsins og því sjálfkjörið í stjórn, trúnaðarráð og stjórn sjúkrasjóðs á aðalfundi félagsins.

Ein breyting varð á stjórn félagsins þar sem Friðbjörg Jóhannsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, en fer í varastjórn í staðinn. Ný í stjórn kemur Anna María Elíasdóttir, en hún hefur setið í varastjórn félagsins undanfarin ár. Í stjórninni eiga sæti: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður FVSA; Einar Hjartarson Eimskip; Anna María Elíasdóttir, Rammi hf. Ólafsfirði; Eiður Stefánsson FVSA og Hildur Tryggvadóttir Húsa-smiðjunni.

Í varastjórn eru Árni Þorvaldsson BYKO, Einar Pálsson Olís og Friðbjörg

Jóhannsdóttir, Samkaupum Dalvík. Ein breyting varð á varastjórninni, eins og áður segir kom Friðbjörg inn í stað Önnu Maríu.

Skoðunarmenn reikninga félagsins voru kjörnir þeir Gylfi Pálsson, Fóðursölunni-Bústólpa og María Ingadóttir Grófargili. Til vara voru kjörnir þær Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir, Kraftbílar ehf. og Brynhildur Pétursdóttir frá Neytendasamtökunum.

### Nýtt trúnaðarráð

Á aðalfundi félagsins í fyrra var samþykkt að breyta lögunum þannig að í stað fulltrúaráðs sem skipað var 17 félagsmönnum var komið á trúnaðarráði sem er skipað 21 félagsmanni (5 stjórnarmönnum, 3 varastjórnarmönnum, 8 félagsmönnum sem trúnaðarmenn á vinnustöðum kjósa árlega úr sínum hópi og 5 félags-

mönnum til viðbótar kosnum á aðalfundi.)

### Trúnaðarráð til eins árs valið af trúnaðarmönnum

Anna Kristín Árnadóttir, Norðenska Stefán Jónsson, Húsasmiðjan Drífa Pétursdóttir, Flugfélag Íslands Erla Elísabet Sigurðardóttir, Intrum á Akureyri Erla Bjarnadóttir, Höldur Guðmundur L. Helgason, VÍS Halldór Óli Kjartansson, Dressmann Kristín Hjaltalín, Kjarnafæði

Til vara:

Laufey Ingadóttir, Nettó Hanna Sigríður Magnþórsdóttir, Bónus Erna Magnúsdóttir, BSO Sigurlaug Hinriksdóttir, Strax Byggðavegi

### Trúnaðarráð til eins árs valið af uppstillinganefnd

Helga Eymundsdóttir, Blikkrás Helga Steingrimsdóttir, Úrval Hrísalundi Margrét Brynjólfssdóttir, Ferro Zink Aníta Ósk Stefánsdóttir, Hagkaup Baldur Ingi Karlsson, Ljósgrjafinn

Til vara:

Jón Grétar Rögnvaldsson, Penninn Sigurbjörg Gunnólfsdóttir, Primex ehf Kjartan Fosberg Sigurðsson, N1 verslun

### Stjórn sjúkrasjóðs

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir Guðríður Þorsteinsdóttir Júlía Sjöfn Sigurjónsdóttir Álfhildur Vilhjálmssdóttir Þórdís Bjarnadóttir

### Varamenn í stjórn sjúkrasjóðs

Signý Sigurðardóttir Lilja S. Jóhannsdóttir Kristín Þorgilsdóttir

## Samfélagsstyrkir

Félagssjóður styrkti starf mæðrastyrksnefndar um kr. 400.000.- á síðasta ári. Verkmenntaskólinn á Akureyri fékk styrk að upphæð kr. 89.000, en þá upphæð vantaði til að hægt væri að kaupa myndbönd til kennslu í þjónustu- og verslunargreinum á hagfræði- og viðskiptabraut. Iðnaðarsafnið fékk styrk að upphæð kr. 100.000, sem var lokagreiðsla vegna samnings sem gerður var við safnið fyrir nokkrum árum. Þá voru styrktarlínur til ýmissa félagsamtaka kr. 40.000 auk árlegs framlags til Neytendasamtakanna. ▣

## Reykjavík

Nýtt 2012

Fyrir á árinu fékk félagið afhentar þrjár nýjar íbúðir í Mánatúni 3 í Reykjavík. Tvær eru þriggja herbergja og ein fjögurra herbergja. Íbúðirnar eru í alla staði mjög vandaðar og glæsilegar, keypt var nýtt innbú í þær allar, en auðvitað var allt sem hægt var að nýta úr gömlu íbúðunum, sem voru seldar, flutt í Mánatúnið. Það þarf að taka með sér lín á rúm og handklæði. Hægt er að leigja lín hjá umsjónarmanni með viku fyrirvara í síma 822 5249.

**ATHUGIÐ! Íbúðirnar eru reyklaugar og það er stranglega bannað að hafa í þeim gæludýr.**

**Þriggja herbergja íbúðirnar** eru á fjórðu hæð. Íbúðirnar eru nýjar og vel búnar. Tvö svefnherbergi eru í hvorri íbúð, rúmgóð stofa, vel búið eldhús með uppþvottavél og baðherbergi með sturtu. Í þvottahúsi er þvottavél og þurrkari. Gistiaðstaða er fyrir sjö manns í hvorri íbúð og að auki er barnarúm og barnastóll í íbúðunum.

**Fjögurra herbergja íbúðin** er einnig á fjórðu hæð. Íbúðin er ný og vel búin tækjum. Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni og rúmgóð stofa, vel búið eldhús með uppþvottavél, baðherbergi með sturtu. Í þvottahúsi er þvottavél og þurrkari. Gistiaðstaða er fyrir 10 manns og að auki er barnarúm og barnastóll.

**Skiptidagar:** Íbúðirnar eru leigðar í viku í senn yfir sumartímann og skipt á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 16 en dvalar-gestir þurfa að skila íbúðunum kl. 13 á skiptidögum.

**Verð:**

3 herb. íbúð kr. 22.000

4 herb. íbúð kr. 28.000

**Leigutími:** Allt árið. (sumarleiga frá 30. maí til 22. ágúst.)

**Lyklar:** Afhendast á skrifstofu FVSA.



## Skógarsel, Vaglaskógi

Nýtt og glæsilegt sumarhús á skemmtilegum stað á bökkum Fnjóskár og í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, góð stofa, eldhús með öllum búnaði, borðstofa, tvö baðherbergi og þvottaherbergi. Gistipláss er fyrir 11 manns. Rúmföt fylgja en án líns. Við húsið er stór afgirtur sólpallur, þar er m.a. heitur pottur. Umhverfis húsið er stór girtur garður og í honum eru barnaleiktæki. Öll helstu heimilistæki eru í húsinu, en til viðbótar þeim sem hefðbundin geta talist í orlofshúsum, eru þvottavél, þurrkari og uppþvottavél.

**Skiptidagar:** Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 17 á föstudögum en dvalar-gestir þurfa að afhenda húsið kl. 12 á skiptidögum.

**Lyklar:** Afhendast á skrifstofu FVSA.

**Okkar álit:** Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður fyrir fjölskylduna. Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.

**Verð kr. 40.000,-**

**Leigutími:** Allt árið. (Sumarleiga frá 1. júní til 24. ágúst)



## Illugastaðir: Hús nr. 2 og 19

Tvö hús í sumarhúsabyggðinni á Illugastöðum í Fnjóskadal. Í húsi nr. 2 er svefnrými er fyrir sex manns í húsunum, auk svefnsofa í stofu. Hús nr. 19 er á tveimur hæðum. Á neðri hæðinni er vel búið eldhús og borðstofa, gufubað og baðherbergi með sturtu. Á efri hæðinni er stofa, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu. Svefnrými er fyrir sex manns í húsinu auk svefnsofa í stofu og borðstofu. Heitur pottur er við bæði húsin. Rúmföt fylgja, án líns, sem hægt er að leigja hjá umsjónarmanni í þjónu-stumiðstöð. Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítill verslun.

**ATHUGIÐ! Bústaðirnir eru reyklusir og það er stranglega bannað að hafa í þeim gæludýr.**

**Skiptidagar:** Húsin leigjast í eina viku í senn. Afhending húsanna til komugesta er milli kl. 16 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

**Lyklar:** Afhendast hjá umsjónarmanni á Illugastöðum.

**Okkar álit:** Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur hér á



Hús nr. 19.

landi. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar á dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

**Verð:**

Nr. 2: kr. 19.000

Nr. 19: kr. 22.000

**Leigutími:** Allt árið. (Sumarleiga frá 1. júní til 24. ágúst)

## Laugarvatn

Í sumar býður FVSA upp á glæsilegan bústað í Mýrarskógum við Laugarvatn en félagið gerði leiguskipti við Starfsmannafélag N1 sem á bústaðinn. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi og er svefnpláss fyrir a.m.k. 10 manns. Heitur pottur er við húsið og eru öll helstu heimilistæki í húsinu, m.a. uppþvottavél og örbylgjuofn. Sameiginleg þvottavél er í geymslúhúsi til afnota fyrir öll húsin á svæðinu.

Á leiksvæði við bústaðina er minigolf og einnig má nefna að Golfklúbburinn Dalbúar rekur 9 holu golfvöll í í landi Miðdals. Verslun Samkaup- Strax er á svæðinu.

**ATHUGIÐ! Bústaðurinn er reyklus og það er stranglega bannað að hafa í honum gæludýr.**

**Skiptidagar /Lyklar:** Orlofshúsin eru leigð viku í senn frá föstudegi til föstudags. Leigutakar koma milli kl. 16:00 og 21:00, brottför í síðasta lagi kl. 12:00. Lyklar eru í lykaskáp sem er staðsettur er við útidyr, skal lykum skilað í lykaskápinn aftur við brottför. Umsjónarmaður er Sigurður Sigfússon s. 440 1026

Nýtt 2012



**Okkar mat:** Fjölmargar náttúruperlur eru í næsta nágrenni og margt forvitnilegt að skoða á svæðinu. Þá eru margar góðar gönguleiðir í nágrenni við orlofshúsin í Mýrarskógum.

**Verð: Kr. 29.000**

**Leigutími:** Í leigu frá 8. júní til 17. ágúst.

## Kötluholt í Biskupstungum

Bústaðurinn er staðsettur í landi Tjarnar rétt við Syðri-Reyki. Mjög stutt frá Reykholti. Bústaðurinn er um 65 fermetrar, í honum eru tvö svefnherbergi auk svefnlofts. Leigjendur verða að taka með sér lín og handklæði. Í bústaðnum er þvottavél. Heitur pottur er við bústaðinn.

**ATH! Bústaðurinn er reyklus en leyfilegt er að hafa með sér gæludýr.**

**Skiptidagar /Lyklar:** Orlofshúsið er leigt viku í senn frá föstudegi til föstudags. Leigutakar koma milli kl. 16:00 og 21:00, brottför í síðasta lagi kl. 12:00. Lyklar eru í lykaskáp sem er staðsettur við útidyr, skila skal lykum í lykaskápinn við brottför. Umsjón hefur Brá Guðmundsdóttir, sími 693 3469.

**Okkar álit:** Gott útivistarsvæði með gróinni lóð allt í kring. Stutt að fara: til nokkurra af þekktustu ferðamannastöðum landsins s.s. Gullfoss og Geysi, Skálholt, Laugarvatn, Þingvelli og Flúðir svo eitthvað sé nefnt.

**Verð: Kr. 25.000**

**Leigutími:** Í leigu frá 15. júní til 17. ágúst.

Nýtt 2012



## Flókalundur í Vatnsfirði á Barðaströnd

Þessi staður nýtur mikilla vinsælda á meðal félagsmanna. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með alls fimm til sex svefnplássum, stofa, eldhús með öllum algengustu eldhústækjum eins og hellu með ofni og örbylgjuofni. Sjónvarp er í húsinu og kolagrill. Sundlaug með heitum potti er einungis til afnota fyrir gesti sem dveljast í orlofshúsabyggðinni.

**ATHUGIÐ! Bústaðurinn er reyklauss og það er stranglega bannað að hafa í honum gæludýr.**

**Skiptidagar/Lyklar:** Orlofshúsin eru leigð viku í senn frá föstudegi til föstudags. Leigutakar koma milli kl. 14:00 og 21:00, brottför í síðasta lagi kl. 12:00. Lyklar eru í lykaskáp sem staðsettur er við útidyr á húsi nr. 8. og skal lykklum skilað í lykaskápinn aftur við brottför. Umsjónarmaður er Gunnar Karl Garðarsson, sími 456 2044.



**Okkar álit:** Skemmtileg staðsetning og rómuð veðursæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja.

**Leigutímabil:** 22. júní til 24. ágúst.

**Verð: Kr. 19.000,-**

## Einarsstaðir

Húsið sem er nr. 19 er 45 fermetrar að stærð og skiptist niður í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Í tveimur herbergjanna er tvíbreitt rúm og kofa þar yfir, en kofur í minna herberginu. Gasgrill og garðhúsgögn eru við húsið. **Í fyrra var settur heitur pottur við húsið.** Hjá umsjónarmanni er hægt að fá leigt lín og handklæði, einnig er hægt að fá lánað barnarúm, barnastól og aukadýnur. Í húsunum er allur búnaður miðaður við átta manns. Örbylgjuofn, sjónvarp og útvarp eru í öllum húsunum.

**ATHUGIÐ! Bústaðurinn er reyklauss og það er stranglega bannað að hafa í honum gæludýr.**

**Skiptidagar:** Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er milli kl. 16 og 19 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma það eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

**Lyklar:** Í lykklaboxi á bústað.



**Okkar álit:** Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er í boði á þessu svæði.

**Leigutími:** 22. júní - 24. ágúst.

**Verð kr. 19.000,-**

## Bolungarvík

Íbúð í fjölbýlishúsi á annarri hæð að Stigahlíð 4. Í íbúðinni eru 3 svefnherbergi, stofa og eldhús eru samliggjandi. Baðherbergi með sturtu. Svefnpláss er fyrir 7. Sjónvarp og dvd-tæki í stofu. Hjónaherbergi er með tvíbreiðu rúmi, herbergi með kofum fyrir fullorðna, sú neðri tvíbreið og annað herbergi með tveimur kofum. Sængur og koddar eru í íbúðinni fyrir 6, en hægt er að fá rúmföt og handklæði leigð. Þvottahús er í kjallara.

**Skiptidagar:** Íbúðin leigist í eina viku í senn. Afhending íbúðarinnar til komugesta er milli kl. 16 og 19 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma hana eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

**Lyklar:** Afhendast hjá umsjónarmanni Guesthouse Mánafell í Holtabrún 21. Leigutaki verður að vitja lykla á auglýstum tíma. Ef það dregst er nauðsynlegt að láta umsjónarmann vita í síma 863-3879 eða arndis@vestfiridir.is

**Okkar álit:** Bolungarvík er ákjósanlegur staður fyrir þá sem vilja dvelja á Vestfjörðum og skoða sig um þar. Á staðnum er góð þjónusta, góð og vel útbúin sundlaug, söfn og margt að sjá bæði á Bolungarvík og í næsta nágrenni.

**Leigutímabil:** 8. júní til 24. ágúst.

**Verð: Kr. 25.000,-**



## Dagsferð FVSA

Fyrirhuguð er dagsferð FVSA laugardaginn 18. ágúst 2012.

Um er að ræða safnaferð þar sem farið verður til Dalvíkur, Siglufjarðar og Skagafjarðar.

Nánari upplýsingar og skráning á skrifstofu FVSA í síma 455 1050.

# Ekki bara hús í boði!

Undanfarin ár hefur FVSA boðið upp á orlofsstyrki og hefur þeim verið mjög vel tekið af félagsmönnum. Sumarið 2012 verða í boði 60 orlofsstyrkir að upphæð allt að kr. 15.000. Styrkirir eru veittir vegna gistikostnaðar á tímabilinu 1. maí til 15. september 2012.

Í ár verður einnig hægt að sækja um útilegukortið. 20 kort verða í boði í ár en lesa má um útilegukortið á [www.utilegukortid.is](http://www.utilegukortid.is)

Þeir sem áhuga hafa á að ná sér í útilegukort þurfa að sækja um slíkt á sama hátt og þegar sótt er um orlofshús eða styrk. Umsóknarfrestur um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort vegna sumarleigu er til 20. mars 2012. Sótt er um orlofshús, orlofsstyrki og útilegukort á félagavefnum. Sækja má um orlofshús, orlofsstyrk og útilegukort en aðeins er hægt að fá einu af því úthlutað. Umsækjendur fá skriflegt svar um úthlutunina fyrir mánaðamót mars/apríl.

Í öllum íbúðum og sumarhúsum félagsins er boðið upp á sjónvarp og útvarp. Þá er samanbrjótanlegt ungbarnarúm á öllum stöðum, sem og ungbarnastólar.

Félagið mun selja, eins og sl. sumar, niðurgreidda gisti-miða á Edduhótelin víðs vegar um landið á kr. 6.000. Nánari



upplýsingar um staðsetningar hótela má finna á [www.hoteledda.is](http://www.hoteledda.is). FVSA er einnig með samning um 25% afslátt af listaverði á 10 Fosshótelum um land allt, sjá nánar á [www.fosshotel.is](http://www.fosshotel.is), og 10% afsláttur



á gistiheimili í Reykjavík.

Félagið selur miða í Hvalfjarðargöng á kr. 635. Ath! Hægt er að greiða með greiðslukorti. Ákveðið var að bjóða félagsmönnum aftur til sölu veiðikortið, en það gildir á 35 vatna-svæði. Kortið er til sölu á skrifstofunni á Akureyri og kostar kr. 4.800. Nánari upplýsingar um kortið má finna á [www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is).

## Vetrarleiga orlofshúsa og íbúða 2012 og 2013.

Þann 7. ágúst 2012 verður opnað á félagavefnum bókunar-tímabil frá 24. ágúst 2012 til 30. maí 2013. Hver félagsmaður getur að hámarki bókað tvær bókanir á hverju tímabili. Félagsmenn athugið að vetrarleiga mun kosta orlofs-punkta, mis mikið eftir húsum.

Greiða þarf bókun strax á félagavef, en sólarhringur má líða ef bókað er á skrifstofu FVSA, ef greiðsla hefur ekki borist á tilsettum tíma verður bókunin felld niður.

Nánari upplýsingar má finna á vef félagsins, [www.fvsa.is](http://www.fvsa.is)

## Sjúkrasjóður FVSA

Greiðslur úr sjúkrasjóði voru með allra mesta móti á árinu 2011, en alls voru greiddir út 1.428 styrkir úr sjúkrasjóði félagsins að upphæð um kr. 48 milljónir króna. Þetta er um fjórum milljónum króna hærra upphæð en árið áður. Undanfarin ár hefur um helmingur greiðslna úr sjúkrasjóði verið í formi dagpeninga, í fyrra voru þeir að upphæð um kr. 25 milljónir sem er rúmum 6 milljónum króna hærra upphæð en árið áður. Alls fengu 58 félagsmenn sjúkradagpeninga í fyrra, eða ellefu fleiri en árið á undan. Nú er orðið algengara að félagsmenn nýti allan sinn rétt, sem er 6 mánuðir þegar um langvarandi veikindi er að ræða, því Tryggingastofnun byrjar ekki að greiða endurhæfingar- eða örorkulífeyri fyrr en eftir að fólk hefur nýtt allan sinn rétt úr sjúkrasjóði stéttarféлага. Á fundinum var lögð fram tillaga um breytingu á reglugerð sjúkrasjóðs og var samþykkt samhljóða að stytta dagpeningagreiðslur um tvo mánuði, eða úr sex niður í fjóra mánuði, þegar um langvarandi veikindi er að ræða.

### Óháð úttekt

Samkvæmt reglugerð sjúkrasjóðs ber a.m.k. fimmta hvert ár að fá óháðan aðila til að gera úttekt á framtíðarstöðu sjóðsins, ávöxtun hans og hvort hann geti staðið við skuldbindingar sínar. Slík úttekt fór fram í fyrra og sá PricewaterhouseCoopers (PWC) um hana. Í niðurstöðu skýrslu frá PWC segir að ekkert hafi komið fram í úttektinni sem bendi til annars en að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar, sjóðurinn sé með trausta eiginfjárstöðu, greiðslur í sjóðinn séu kjarasamningsbundnar. Þá er bent á að aðalfundur geti breytt reglugerð sjóðsins er varðar ákvæði sem ekki hvíla fortakslaus skylda á að greiða, skv. fyrirmyndarreglugerð ASÍ fyrir sjúkrasjóði.

### Aðrir styrkir

Langflestir félagsmenn eru að nýta sér styrk vegna heilsuræktar. Tæplega 600 félagsmenn fengu slíkan styrk á síðasta ári að upphæð um kr. 11 milljónir. Rúmlega 300 félagar

fengu um sjö milljónir vegna sjúkrabjálfunar og sjúkranuðs, um 1,9 milljónir fóru í gleraugnastyrki og lasik-augnaðgerðir og um 1,8 milljónir í dánarbætur. Um 700 þúsund voru greiddar út vegna niðurgreiðslu lyfjakostnaðar.

Þó styrkir séu eyrnamerkir vegna þeirra atriða sem hér koma fram, þá geta félagsmenn sótt um styrki vegna annarra atriða, stjórn sjúkrasjóðs tekur þær umsóknir þá sérstaklega fyrir og athugar hvort viðkomandi hafi ekki nýtt sér þá styrki sem í boði eru.

### Dagpeningar

- Sjúkradagpeningar vegna veikinda félagsmanns: Greidd 80% launa í 4 mánuði
- Sjúkradagpeningar vegna veikinda maka: greidd 80% launa í 3 mánuði
- Sjúkradagpeningar veikinda barna: Greidd 80% launa í 3 mánuði

### Styrkir

Styrkir eru greiddir einu sinni í mánuði (fyrsta virkan dag hvers mánaðar).

Reikningar þurfa að berast fyrir mánaðarmót.

- Sjúkrabjálfun: Greiðist 75% af reikningi
- Krabbameinsleit: Greiðist að fullu upphæð Leitarstöðvar
- Líkamsrækt: 50% af reikningi, hámark kr. 25.000 á ári
- Sálfræðiþjónusta: 35%, hámark kr. 20.000 á ári
- Nudd utan TR: 35%, hámark kr. 20.000 á ári
- Gleraugnagler: 35%, hámark kr. 15.000 á 3ja ára fresti
- Vímuefna meðferð: Sjúkradagpeningar meðan á meðferð stendur
- Glasa-/tækniþjónungun: 50% af meðferðarkostnaði, hámark kr. 50.000 á 3ja ára fresti
- Dánarbætur: kr. 300.000
- Dánarbætur: kr. 150.000 v/lífeyrisþega
- Lasik augnaðgerðir: 35% af aðgerð, hámark kr. 50.000 á 3ja ára fresti

Hámarksgræiðsla styrkja til hvers félagsmanns er kr. 50.000.- á ári óháð inngreiðslu hans til félagsins.

# „Óska félaginu velfarnaðar“

Nýlega lét Guðrún Guðmundsdóttir af störfum hjá félaginu, þar sem hún hefur unnið sl. 19 ár. Guðrún segir að þegar hún byrjaði um mitt ár 1993 hefði ekki verið búið að að tölvuvæða skrifstofuna. „Það kom ekki tölva fyrr en næstu áramót eftir að ég hóf störf. Þá varð algjör stökkbreyting, því áður var allt handfært í eina stóra græna bók sem var mikil handavinna. Svona þegar ég hugsa um þetta þá var mjög gaman að fá að byrja í gamla tímanum og detta svo að segja inn í nútímann.“

Guðrún segir að félagið sé ekkert annað en fólkið sem í því er og að það eigi við öll félög og fyrirtæki. „Ég hef borið þá gæfu að fá að kynnast svo að segja öllum félagsmönnum, misnáið auðvitað. Ég hef alltaf verið fyrir mannleg samskipti því þau eru svo stór þáttur í lífinu. Próf og gráður eru ekki allt, það að kunna að tala við, hlusta á og umgangast fólk skiptir gríðarlega miklu máli. Í afgangslunni þar sem ég var, ertu í miðju alls. Það byrja allir á því að koma til þín og svo vísar þú þeim áfram sem það þurfa.“

Á fyrstu árunum þá komu inn til okkar allar atvinnuleysisráningar og við afgreiddum viðkomandi með ávísun sem þurfti að ná í til okkar. Þannig að nándin við félagsmenn var oft mjög mikil á þessum árum og sennilega mun meiri en í dag. En það sem skiptir

mestu máli er fólkið okkar og þannig mun það alltaf vera.“

## Jákvæð þróun

Undanfarið hefur átt sér stað gríðarlega mikil vinna hjá félaginu, bæði breytingar á skrifstofunni og eins vinna við að standsetja nýjar íbúðir félagsins í Reykjavík. „Þetta á eftir að koma fólkinu okkar til góða og eins og ég hef áður minnst á þá skiptir það öllu máli. Það að hafa fleiri íbúðir í boði er frábært því þær sem við vorum með voru svo að segja alltaf í leigu,“ segir Guðrún og bætir við að mjög vel hafi tekist til með breytingar á þriðju hæðinni. „Þetta var vel undirbúið og í alla staði vel að verki staðið. Þessi samvinna sem nú er í gangi á þriðju hæðinni er bara framtíðin, eigum við ekki bara að segja að þetta sé jákvæð þróun því samruni félaga er miklu meira mál. Nú eiga félagsmenn að geta fengið aukna þjónustu, sérstaklega hjá þeim félögum sem voru með einn starfsmann, og eins og ég sagði áðan þá skiptir fólkið okkar mestu máli.“

## Margt að gera

Guðrún segir að tími hennar hjá FVSA hafi verið alveg yndislegur. „Ég hef verið mjög heppin með samstarfsfólk og þá formenn sem ég hef starfað undir. Það er góður andi í Alþýðuhúsinu og samstarf við önnur félög hafa bæði verið mjög mikil og góð. Mér þykir



mjög vænt um vinnustaðinn minn og ber mikla virðingu fyrir því fólki sem þar er og félaginu sem slíku. Ég vil nota þetta tækifæri að óska félaginu velfarnaðar og vona og veit að það beri gæfu til þessa að hugsa áfram vel um sitt fólk. Ég vil líka minna félagsmennina á að sinna, mæta og vera. Þeir þurfa að átta sig á því að þeir eru einn hlekkurinn í félaginu. Það skiptir miklu máli fyrir félög að fá hugmyndir og athugasemdir frá þeim svo hægt sé að koma til móts við það, því það er alltaf hægt að laga og bæta það sem gott er.

Að lokum vil ég bara fá að þakka fyrir mig. Mér hefur aldrei leiðst og ég hef nóg að gera. Ég á stóra og samheldna fjölskyldu og er að sinna félagsstörfum þannig að ég hef haft nóg að gera síðan ég hætti að vinna. Ég ætlaði allt að gera þegar ég hætti, en er ekki enn byrjuð á því,“ segir Guðrún að lokum. ■

## Stofnþing ASÍ-UNG

Tímamót urðu í sögu ASÍ í fyrra þegar stofnþing ASÍ-UNG fór fram í Reykjavík. ASÍ-UNG á að efla starf ungs fólks í verkalyðshreyfingunni þar sem áherslan er á málefni sem tengjast ungu fólki sérstaklega.

Jónas Þór Karlsson, fulltrúi FVSA á þinginu, telur að ASÍ-UNG sé stórt skref fram á við fyrir ungt fólk á vinnumarkaðnum. „Undirbúningshópur frá ASÍ hélt kynningarfund fyrir þingið og voru ungir félagsmenn hvattir til að mæta. Það endaði nú samt þannig að ég mætti einn á fundinn frá mínu félagi. Það þarf að virkja unga fólkið betur til að taka þátt í félagsstörfum og vil ég nota tækifærið til að

hvetja alla unga félagsmenn til að kynnast stéttarfélaginu sínu og vera dugleg að sækja þá viðburði sem félagið stendur fyrir.“

Ég hef alltaf haft áhuga á þessum málum, sennilega bæði vegna áhuga og forvitni. Við þurfum að vita hver okkar réttur er og reyndar ekki síður um skyldur okkar gagnvart vinnuveitandanum. Það er gott að leita til FVSA og hvet ég alla að kíkja á skrifstofu félagsins ef eitthvað er að.“

Þing ASÍ-UNG verður haldið annað hvert ár, í tengslum við þing ASÍ, og segist Jónas Þór vera ákveðinn í að bjóða sig fram til setu á næsta þingi líka. ■

